

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum gjörir kunnugt:

að hér með staðfestist skipulagsskrá fyrir sjálfseignastofnunina **Purpose Circle** sem fest er hér við og vistuð er hjá embættinu í staðfestu ljósriti. Stofnunin er númer 1932 á sjóðskrá sýslumanns.

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum, 19. nóvember 2025.

Helma Dögg Thorsdóttir



Helga Haraldsdóttir

Staðfesting á skipulagsskrá fyrir Purpose Circle.
Gjald kr. 11.000,-

Skipulagsskrá

fyrir Purpose Circle

Heiti

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Purpose Circle og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin er ekki hagsmunadrifin og stundar ekki atvinnurekstur.

Heimilisfang

2. gr.

Heimilisfang stofnunarinnar er í Reykjavík.

Markmið

3. gr.

Markmið stofnunarinnar er að efla og styrkja verkefni og rekstur í þriðja geiranum, svo sem frjáls félagasamtök sem og einstaklinga, stofnanir, sjóði, félög og fyrirtæki sem leitast við að hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

Stofnunin vinnur að því að styðja félög og einstaklinga sem vilja hafa jákvæð áhrif með því að stuðla að m.a. nýsköpun, gæðastjórnun og fagmennsku. Stofnun mun sérstaklega huga að því að styðja við sjálfbær tekjumódel og stöðugan rekstur samstarfsaðila, í samræmi við markmið stofnunarinnar. Stofnunin mun einnig þjálfa og styðja við einstaklinga sem stefna að starfsferli innan þessa geira og leitast við að bjóða upp á tækifæri fyrir sjálfbærni.

Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að þeir styðji við markmið hennar, meðal annars með því að:

- a) tengja saman frumkvöðla, sérfræðinga og samstarfsaðila þvert á landamæri;
- b) styðja við þjálfun, leiðtogafærni og faglegan vöxt;
- c) hvetja til þróunar nýstárlegra lausna við áskorunum á sviði umhverfis- og samfélagsbreytinga;
- d) stuðla að auknu aðgengi að fjármögnun og öðrum sjálfbærum úrræðum;
- e) standa fyrir viðburðum, rannsóknum og miðlun þekkingar;
- f) hýsa verkefni og nýsköpun;
- g) taka þátt í hvers kyns lögmætri starfsemi sem samrýmist tilgangi stofnunarinnar.

Stofnendur

4. gr.

Stofnendur Purpose Circle eru Stefán Ingi Stefánsson, kt. 070876-3969 og Juan Cruz Moens Cazon, kt. 200974-6039.

Stofnfé

5. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.670.000 kr. sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. og leggur hvor stofnandi fyrir sig til kr. 835.000 kr.

Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

Stjórn

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur einstaklingum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir einstaklingar í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfaramandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluaðili skulu á hverjum tíma uppfylla lögbundin hæfisskilyrði til setu í stjórn stofnunarinnar. Missi stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, eða skipaður fjárvörsluaðili hæfi til stjórnarsetu skulu þeir upplýsa sýslumann um það. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluaðili skulu skýra satt og rétt frá högum stofnunarinnar í opinberum auglýsingum eða tilkynningum, skýrslum, ársreikningi eða tilkynningum til sýslumanns.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Fundarboðun

7. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni ber að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Aðrar stjórnareiningar

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóri ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

Bókhald

9. gr.

Stofnunin skal færa bókhald um starfsemina sína og skal reikningsár stofnunarinnar vera almanaksár. Stjórn, framkvæmdastjóri eða fjárvörsluaðili skulu semja ársreikning fyrir reikningsárið í samræmi við lög um bókhald nr. 145/1994.

Ákvæði laga um bókhald gilda um hæfi og störf skoðunarmanna og trúnaðarmanna. Trúnaðarmenn mega ekki sitja í stjórn eða gegna stjórnunarstörfum fyrir stofnunina.

Endurskoðendur

10. gr.

Stofnunin skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfyrirtæki, skoðunarmenn eða trúnaðarmenn til að yfirfara ársreikning og varamenn þeirra. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

Ákvæði laga um endurskoðendur og endurskoðun gilda um hæfi og störf endurskoðenda og endurskoðendafyrirtækja.

Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal lagður fram á stjórnarfundum stofnunar til samþykktar. Senda skal sýslumanni áritaðan ársreikning fyrir næstliðið ár eigi síðar en 31. ágúst ár hvert.

Reikningsárið

11. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

Persónuvernd

12. gr.

Stofnunin vinnur með persónuupplýsingar í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Upplýsingar eru einungis notaðar í þeim tilgangi sem nauðsynlegur er fyrir starfsemi sjóðsins og eru ekki miðlað til þriðja aðila nema lög kveði á um það eða samþykki liggja fyrir. Sjóðurinn tryggir viðeigandi öryggisráðstafanir til að vernda upplýsingar og virðir réttindi einstaklinga í samræmi við gildandi lög.

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning

13. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Vestfjörðum. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að framan eða skyldra markmiða.

Staðfesting sýslumanns


14. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumanns á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á fundi í Reykjavík þann 24. júlí 2025.

Undirskriftir stofnenda


Stefán Ingi Stefánsson


Juan Cruz Mones Cazon

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Patreksfirdi 19. nóvember 2025

Rehmer Dögg Leodórsdóttir



Helga Haraldsdóttir